

# Ágæti viðskiptavinur

## Ný gjaldskrá Strætó tekur gildi 1. mars 2016

Samhliða því verða tekin upp ný árskort fyrir aldraða og öryrkja sem seld verða á 19.900 kr. Árskortíð veitir aðgang að Strætó á höfuðborgarsvæðinu. Hægt er að kaupa kortin á heimasíðu Strætó og fá þau afhent gegn framvísun viðeigandi skilríkja í miðasölu Strætó í Mjódd. Nýja árskortíð fyrir aldraða og öryrkja ætti að koma vel út fjárhagslega, auk þess sem aukin þægindi felast í því að geta keypt kort til eins árs í stað afsláttarfarmiða með takmörkuðum fjölda ferða.

Verð á árskortum fyrir nemendur 18 ára og eldri og árskort fyrir börn og ungmenni verða áfram óbreytt.

Helstu breytingarnar eru þær að nú verða almennir farmiðar seldir 20 saman, eða með sama fyrirkomulagi og í tilviki afsláttarfarmiða, og munu farmiðaspjöldin hækka um 2,9%.

Mesta hækkunin mun verða á eins- og þriggja daga kortum, eftir breytinguna mun eins dags kort kosta 1.500 kr. og þriggja daga kort 3.500 kr.

Staðgreiðslugjaldið hækkar um 5% og verður 420 kr., en á móti mun Strætó taka upp staðgreiðslugjald fyrir börn og ungmenni yngri en 18 ára, öryrkja og aldraða og verður það 210 kr.

Tímabilskort og farmiðar hækka á bilinu 2,9–4,2%.

Verðhækkuninni er ætlað að mæta almennum kostnaðarhækkunum.

## Taflan hér að neðan sýnir fargjöld Strætó frá og með 1. mars 2016:

Staðgreiðslufargjöld	Verð
Almennt fargjald	420 kr.
Afsláttarfargjald, gildir fyrir börn, ungmenni, aldraða og öryrkja	210 kr.

## Tímabilskort

1 mánuður (Græna kortið)	11.300 kr.
3 mánuðir (Rauða kortið)	24.700 kr.
9 mánuðir (Bláa kortið)	58.700 kr.
Árskort 18 ára og eldri (Nemakort)	46.700 kr.
Árskort 12-17 ára	19.900 kr.
Árskort 6-11 ára	7.900 kr.
Árskort aldraðir og öryrkjar	19.900 kr.
Samgöngukort (12 mánaða kort)	58.700 kr.
Eins dags kort	1.500 kr.
Þriggja daga kort	3.500 kr.

## Farmiðaspjöld 20 miðar

Fullorðnir	8.000 kr.
Ungmenni 12–17 ára	2.900 kr.
Börn 6–11 ára	1.250 kr.
Öryrkjar og aldraðir	2.500 kr.

## Skýringar og nýjungar:

- Afsláttarfarmiðar ungmenna gilda til 1. júní það ár sem þau verða 18 ára.
- Afsláttarfarmiðar barna gilda til 1. júní það ár sem þau verða 12 ára.
- Aldraðir teljast 70 ára og eldri.
- Árskort gilda í 12 mánuði frá kaupdegi.
- **Nýtt staðgreiðslugjald:** Gildir fyrir börn og ungmenni yngri en 18 ára, aldraða og öryrkja.
- **Nýtt árskort:** Fyrir aldraða og öryrkja.

# Ný gjaldskrá **S**trætó tekur gildi 1. mars 2016

Smelltu hér og kynntu  
þér breytingarnar